

101. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 12. janúar 2022 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Jón Allansson deildarstjóri minjavörslu og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Nefndarmennirnir Guðmundur Claxton og Ingbór B. Þórhallsson tóku þátt í fundinum í fjarfundi í upphafi fundar en Ingór B. kom svo í fundarsal kl. 18:55. Fundargerðin var samþykkt af fundarmönnum með rafrænum hætti í lok fundarins.

Fyrir tekið:

1. 2109162 - Starfs- og fjárhagsáætlun 2022 - menningar- og safnamál

Áherslur menningar- og safnanefndar um starfs- og fjárhagsáætlun menningar- og safnamála árið 2022.

Vinna við gerð starfsáætlunar hafin og verður framhaldið á næsta fundi menningar- og safnanefndar.

Sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs falið að fullvinna drögin og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir eftirtöldum dagsetningum vegna viðburða á árinu:

- a. Þrettándagleði, fimmtudagur 6. janúar 2022.*
- b. Vetrardagar á Akranesi, dagana 16.-20. mars 2022.*
- c. Sjómannadagurinn, sunnudagur 12. júní 2022.*
- d. Þjóðhátíðardagurinn, föstudagur, 17. júní 2022.*
- e. Írskir dagar, dagana 30. júní -3. júlí 2022.*
- f. Vökudagar, dagana 29. október til 8. nóvember 2022.*
- g. Jólatriðskemmtun á Akratorgi, 26. nóvember 2022*
- h. Jól í Garðalundi, verður í desember, útfært í samstarfi við samningsaðila og auglýst sérstaklega er nær dregur.*
- i. 80 ára afmælisfagnaður Akraneskaupstaðar, viðburðir verða allt árið og auglýstir sérstaklega.*

Samþykkt 5:0

2. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar

Menningar- og safnanefnd annast undirbúning og framkvæmd viðburða á afmælisárinu í samræmi við óskir bæjarráðs þar að lútandi.

Undirbúningsvinnan er formlega hafin hjá nefndinni og ýmsar hugmyndir um útfærslu ræddar.

Áframhaldandi vinna verður á næsta fundi nefndarinnar þann 10. febrúar næstkomandi kl. 18:00.

Samþykkt 5:0

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 10. febrúar kl. 18:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:46.